

**15. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
10. júní 2015 og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**

Sigríður Indriðadóttir formaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Valdís Eyjólfssdóttir varamaður og Svala Kristín Hreinsdóttir deildarstjóri skólapróunar og sérfræðipjónustu.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, deildarstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1412138 - Þróunarsjóður skóla- og frístundasviðs**

Bæjarstjórn ákvað að leggja kr. 3.500.000 í nýjan Þróunarsjóð skóla- og frístundasviðs á árinu 2015.

Starfsreglur Þróunarsjóðs skóla- og frístundasviðs voru samþykktar á 7 fundi skóla- og frístundaráðs 3. febrúar sl. Úthlutunarnefnd sjóðsins sem er skipuð bæjarstjóra, formanni skóla- og frístundasviðs og sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs leggur til við skóla- og frístundaráð breytingar á 3ju og 5. grein í starfsreglum sjóðsins.

*Á fundinn mættu kl. 16:30 Magnús V. Benediktsson skólastjóri Brekkubæjarskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson aðstoðarskólastjóri Grundaskóla áheyrnafulltrúar skólastjórnenda grunnskóla, Brynhildur Björg Jónsdóttir áheyrnafulltrúi skólastjórnenda í leikskólum, Guðríður Sigurjónsdóttir áheyrnafulltrúi starfsmanna í leikskólum, Elísabet Einarsdóttir áheyrnafulltrúi starfsmanna í grunnskólum og Gunnar Gíslason starfandi sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.*

*Skóla- og frístundaráð samþykkir þessar tillögur.*

**Grein nr. 3 verður svo hljóðandi:**

*Úthlutað er úr Þróunarsjóði skóla- og frístundasviðs í febrúar. Skóla- og frístundaráð skipar úthlutunarnefnd sem fer yfir umsóknir og metur þær. Í úthlutunarnefnd sitja bæjarstjóri, formaður skóla- og frístundaráðs og sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs. Nefndin gerir tillögu til skóla- og frístundaráðs um úthlutun.*

**Grein nr. 5. Verður svo hljóðandi:**

*Auglýst er eftir umsóknum í Þróunarsjóð skóla- og frístundasviðs með tölvupósti til starfsmanna skóla- og frístundasviðs fyrir 1. janúar ár hvert.*

*Umsóknir í Þróunarsjóð skóla- og frístundasviðs skulu berast fyrir 31. janúar ár hvert. Umsækjendur skulu fylla út sérstakt umsóknareyðublað. Aðeins er hægt að sækja um styrk fyrir verkefni ef skólastjóri eða yfirmaður stofnunar samþykkir umsókn.*

**2. 1506051 - Þróunarsjóður skóla- og frístundasviðs úthlutun 2015**

Bæjarstjórn ákvað að leggja kr. 3.500.000 í nýjan Þróunarsjóð skóla- og frístundasviðs á árinu 2015.

Tilgangurinn með þróunarsjóðnum er að styðja við þróunar- og nýsköpunarstarf á sviði skóla- og frístunda á vegum Akraneskaupstaðar með það að markmiði að

starfsemin verði í sífelldri þróun í takt við breytingar í umhverfi og samfélagi. Skóla- og frístundasviði tilheyra sérfræðipjónusta skóla, leikskólar, grunnskólar, Tónlistarskólinn á Akranesi, frístundamiðstöðin Þorpið og íþróttamannvirki Akraneskaupstaðar. Skólar, frjáls félagasamtök og aðrir aðilar geta verið samstarfsaðilar í þróunarverkefnunum. Auglýst var eftir umsóknum í sjóðinn og var umsóknarfrestur til og með 18. maí sl. Alls bárust þrjár umsóknir í sjóðinn.

\*Garðasel: Verkefnið: "Lífið er leikur - að leika og læra"

\*Vallarsel: Verkefnið: "Fjölmennningarlegt skólastarf í Vallarseli"

\*Grundaskóli: Verkefnið: "Starfsþróun starfsmanna - fyrllestraröð"

Úthlutunarnefnd er skipuð bæjarstjóra, formanni skóla- og frístundaráðs og sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs. Úthlutunarnefnd gerir eftifarandi tillögu til skóla- og frístundaráðs um úthlutun styrkja:

Vallarsel kr. 3.100.000

Garðasel kr. 400.000

Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögu úthlutunarnefndar um syrkveitingu. Skóla- og frístundaráð felur Svölu Hreinsdóttur deildarstjóra að svara umsækjendum.

### 3. 1505024 - Launað námsleyfi

Umsókn hefur borist um launað námsleyfi frá aðstoðarskólastjóranum í Garðaseli vegna skólaársins 2015-2016.

Kristinn vék af fundi kl. 17:07.

Skóla- og frístundaráð getur ekki orðið við erindinu þar sem ekki er áætlað fjármagn í fjárhagsáætlun ársins í námsleyfi starfsmanna Akraneskaupstaðar.

Kristinn mætti aftur á fundinn kl. 17:12.

Björg og Guðríður viku af fundi kl. 17:14.

### 4. 1302141 - Tillögur til úrbóta í framtíðarhúsnæðismálum grunnskóla -

Starfshópur sem bæjarstjórn skipaði í desember 2012 m.a. til að kanna þörf á aukningu húsnæðis fyrir grunnskóla til lengri tíma, skilaði af sér í júní 2013. Þar voru lagðar fram nokkrar hugmyndir, sem eru enn til skoðunar.

Skóla- og frístundaráð hefur falið Gunnari Gíslasyni starfandi sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að vinna áfram með málið í ljósi nýrra upplýsinga um mannfjöldaspá fyrir Akranes árin 2015-2025 sem Vífill Karlsson atvinnuráðgjafi hjá SSV vann fyrir Akraneskaupstaða og hefur nýlega skilað til skóla- og frístundaráðs.

Með hliðsjón af þessum vangaveltum er óskað eftir því að starfsmenn og stjórnendur grunnskólanna gefi sér tíma á starfsdögum næstkomandi haust til að velta fyrir sér hugsanlegum lausnum á húsnæðismálum grunnskólanna. Verða þær hugmyndir og vangaveltur sem fram koma í þessari vinnu nýttar til að móta nýjar lausnir í samráði við alla hagsmunaaðila skólasamfélagsins á Akranesi. Er gert ráð fyrir því að þeirri vinnu ljúki upp úr næstu áramótum.

Gunnar og Svölu falið að senda bréf til skólastjórnenda og skipuleggja vinnufund í samráði við skólastjórnendur með starfsfólk í ágúst.

### 5. 1401209 - Stoðbjónusta skóla Akranesi - endurmat

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum 21. maí sl. viðbótarstöðugildi í stoðbjónustu

Grundaskóla í samræmi við tillögur skóla- og frístundaráðs en felur skóla- og frístundaráði að koma með tillögur til hagræðingar til þess að mæta þessum kostnaðarauka.

*Skóla- og frístundaráð felur Gunnari Gíslasyni starfandi sviðsstjóra og Svölu Hreinsdóttur deildarstjóra skóla- og frístundasviðs að koma með tillögur til hagræðingar.*

*Magnús, Elísabet og Elís Þór viku af fundi kl. 17:53.*

#### 6. 1505018 - Brettagarður á Akranesi

Borist hefur erindi frá ungu áhugafólki um brettagerð á Akranesi. Bréfið var lagt fram í bæjarráði sem vísaði því til skóla- og frístundaráðs.

*Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir erindið og felur Svölu Hreinsdóttur deildarstjóra að kanna í samvinnu við skipulags- og umhverfissvið hvaða hugmyndir bréfritrarar hafa slikan garð.*

#### 7. 1504134 - Styrkir til íþrótta- og tómstundafélaga 2015

Umsóknir um styrki til íþrótta- og tómstundafélaga á Akranesi vegna þjálfunar og leiðsagnar barna og unglings 3-18 ára fyrir árið 2015. Umsóknir voru teknar fyrir á fundi skóla- og frístundaráðs 19. maí sl. en afgreiðslu var frestað.

*Skóla- og frístundaráð fór yfir fyrirliggjandi umsóknir og leggur fram tillögur til bæjarráðs um afgreiðslu styrkja samtals kr. 10.900.000-*

#### 8. 1504111 - Reglur um barna- og unglingastarf / tómstundir á Akranesi 2008

Styrkir til tómstunda- og íþróttafélaga á Akranesi sem eru með virka iðkendur/báttakendur á aldrinum 3-18 ára eru veittir árlega með það að markmiðið að halda uppi öflugu félags-, tómstunda- og íþróttastarfi fyrir börn og ungmenni á þessum aldri. Þær viðmiðunarreglur sem eru í gildi og tekið er mið af við úthlutun styrkja eru frá árinu 2008.

*Skóla- og frístundaráð leggur til við bæjarráð að viðmiðunarreglurnar verði endurskoðaðar haustið 2015.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.

Sníður Indniðadóttir  
Signin I. Gæfnad.

Kristján H. Sænasson

Valdísþyölfusöllir  
Asthildur Ólafsdóttir Ragnarsdóttir.

Svala Hreindóttir

Gunnar Þórhilmar